

16.12.2010

Til efnahags- og skattanefndar

208. mál

Ég heit Páll Garðarsson og rek opna vinnustofa þar sem ég vinn og sel eigið handverk. Ég hef verið með opið verkstæði í eitt og hálf ár og mjög fljótlega eftir að ég opnaði fékk ég erindi frá skattinum með kröfu um ég léti tollflokka það sem ég geri og í framhaldinu fékk ég þann úrskurð að mér bæri að borga virðisaukaskatt (25.5%) eins og allir sem listhandverk/nytjalist stunda ættu að gera, ella gætu þeir krafist virðisauka aftur í tímann, allt að sjö ár. Ég hef frá því í júní greitt þenna skatt af öllu sem ég geri. Veruleikinn er hins vegar sá að fólki sem starfar á þessum vettvangi er stórlega mismunað. Mér hefur verið bent á að til standi að endurskoða virðisaukann og var hvattur til að senda athugasemdir til nefndarinnar.

Hér koma vangaveltur mínar varðandi virðisaukann.

Af samtölum mínum við skattinn segja þeir að það séu einungis málverk, skúlpúrar og lítið annað sem undanþegið er virðisaukaskatti. Af því leiðir fellur allt listhandverk utan þessarra undantekninga. Æskilegt væri að kalla eftir skilgreiningu á listhandverki þar sem, bæði praktískt og í hugum flestra, liggur það einhvers staðar á milli listaverka sem eingöngu eru gerð í einu eintaki, t.d. málverka og fjöldframleiddrar hönnunar. Eðli handverks er það að unnið er með sömu hugmynd í e-m fjölda eintaka og því ekki óeðlilegt að það beri einhverja skattprósentu. Það gerir það samt ekki að fjöldaframleiðslu og ekki heldur eðlilegt að það beri sömu prósentu og hún.

Þær leiðir sem heyrst hafa nefndar eru annars vegar að hækka lágmarkið og hins vegar annað skattþrep.

Varðandi hugmyndina um að hækka lágmarkið í milljón þá hjálpar það ekki þeim sem hafa listhandverk að fullu starfi þar sem kostnaður (húsnæði, efni og annað) er svo hár,

jafnvel þó lágmarkið yrði þrjár milljónir. Lágmarkið er heldur ekki hvetjandi fyrir vöxt greinarinnar, ef viðmiðið er að halda sig innan ákveðinna lágmarka, auk þess sem það hvetur til undanskota. Sé múrinn rofinn ertu kominn inn í virðisaukakerfið. En það hlýtur að vera mikilvægt, ekki síst á tímum atvinnuleysis, að fólk geti skapað sér starf og taki ekki annað starf á markaði. Breyting af þessu tagi myndi einungis gagnast þeim sem hafa listhandverk að hlutastarfi með öðru, þ.e. til að auka tekjur.

Varðandi hugmyndina um lægra skattþrep, t.d. 7% eins og er á bókum og tónlist (geri mér grein fyrir að það er líka á innfluttum bókum og tónlist, en lítið er flutt inn af erlendu listhandverki), þá myndi það, að mínu mati, gagnast betur bæði þeim sem eru að hluta í listhandverki og þeim sem starfa við það sem fullt starf. Ólíklegt að skatturinn falli frá einhverju lágmarki því án þess yrði skriffinnskan margföld (trúlega er hugmyndin um lágmark einkum gerð til að stemma stigu við skriffinnsku hjá skattinum).

Önnur hugmynd væri að skapa val milli þessara tveggja leiða. Óbreytt lágmark eða lág skattaprósenta (t.d. 7%). Fólk myndi velja þar á milli, ákveða í upphafi hvort það ætli að halda sig innan lágmarka eða að stefna á umfangsmeiri starfsemi og velja þá skattaleiðina strax, þ.e. sanngjarna skattaprósentu. Slík hugmynd ætti að hvetja fólk til að vinna í opnu umhverfi og skapa heilbrigðara starfsumhverfi.

Æskilegt að breytingar á kerfinu verði til einföldunar þannig að það kalli ekki á að sami einstaklingur sé að vinna beggja vegna, annars vegar án virðisauka og hins vegar með virðisauka. Lág skattaprósenta kæmi í veg fyrir þá tilhneigingu að það fólk skilgreini vinnu sína öðru megin og erfitt sjá hvernig skatturinn gæti fylgst með því.

Heyrst hefur í umræðunni að bakgrunnur einstaklinga eigi að skipta máli. Í því í sambandi er rétt að benda á að skattkerfið mismunar ekki einstaklingum á þeim forsendum. Tónlist og bækur bera alltaf sama virðisauka hver sem bakgrunnur

höfundanna er. Mikilvægt að breytingar á lögum, til að draga úr misvægi, feli ekki í sér nýja mismunun.

Þetta er ört vaxandi geiri og óþolandi í samfélagi að fólk sem vinnur á sama vettvangi og er bæði í samvinnu og samkeppni sitji ekki við sama borð. Það er eins og einu bókaforlagi væri skylt að innheimta virðisaukaskatt en ekki öðru með óljósri vísan í innihald bókana.

Á undanförunum árum hefur möguleikum á að koma listhandverki í sölu fjölgað mikið og erfitt fyrir skattinn að hafa yfirsýn yfir það. Þess vegna er mikilvægt að lögin séu skýr og sanngjörn og hvetji fólk til að starfa í opnu umhverfi.

Að lokum vil ég minna á það að menningarleg verðmæti felast í því að sem mest fjölbreytni ríki og í ört vaxandi áherslu á ferðamennsku er að mikilvægt að við getum boðið gestum okkar upp á kaupa íslenskar hugmyndir unnar af Íslendingum á Íslandi. Sjálfsagt er að hafa það í huga þegar lög um virðisaukaskatt í listhandverki eru endurskoðið.

Reynsla mín af þessari skattlagningu er alltof mikil byrði. Óraunhæft er að leggja hann á að fullu svo sá sem verkið vinnur þarf sjálfur að bera skattinn að mestu.

Virðingarfyllst
Páll Garðarsson